

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

1. *Hversu há voru útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna skólaárið 2007–2008 og hversu há verða þau fyrir skólaárið 2008–2009?*

Á fjárlögum eru heildarútlán sjóðsins áætluð á viðkomandi fjárlagaári en raunútlán koma fram í ríkisreikningi ár hvert. Áætluð útlán á árinu 2009 eru að langstærstum hluta vegna skólaársins 2008–2009. Þetta skýrist af því að námslán vegna haustannar 2008 koma meira og minna til greiðslu í janúar 2009. Í einstaka tilfellum eru greidd út námslán fyrir áramót vegna styttri námsanna í námi erlendis og/eða vegna skólagjaldalána.

Lánasjóður íslenskra námsmanna	2007	2008	2009
Veitt löng lán – áætlun samkvæmt fjárlögum	9.506,0	10.871,5	14.476,0
Veitt löng lán – rauntölur samkvæmt ríkisreikningi*	8.712,3	11.061,6	–

* Rauntala 2008 samkvæmt upplýsingum frá LÍN. Ekki er búið að gefa út ríkisreikning.

2. *Hver voru og eru heildarframlög til Lánasjóðsins á árunum 2007, 2008 og 2009?*

Heildarframlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna á fjárlögum 2007, 2008 og 2009 voru eftirfarandi á verðlagi hvers árs:

Fjárveitingar á fjárlögum	2007	2008	2009
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.244	5.938	6.985

Undanfarin ár hefur framlag ríkissjóðs miðast við 51% af áætluðum útlánnum sjóðsins, auk framlags til að standa undir rekstri og vaxtastyrk til námsmanna. Á fjárlögum 2009 var framlag úr ríkissjóði lækkað um 1.000 millj. kr. vegna aðstæðna í efnahagsmálum. Áætlaðar lántökur sjóðsins voru auknar á móti. Þannig er tímabundið gengið á eigið fé sjóðsins en útlán til námsmanna eru í samræmi við áætlanir og því ekki skert.